



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 14.4.2025
Málsnúmer: 202503-0064
IAS

Efni: Skagavegur á milli Harrastaða og Brunanámu á Skagaströnd. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dagsett 19. mars 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna Skagavegar á milli Harrastað og Brunanámu á Skagaströnd.

Vegagerðin hyggst endurbyggja Skagaveg (745) á milli Harrastaða og Brunanámu á Skagaströnd í Húnabyggð. Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Engin breyting verður á legu hans. Áætluð efnisþörf endurbyggðs vegar er um 97 þús. m³ og er efnistaka fyrirhuguð úr þremur opnum námum í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Námurnar eru allar á skipulagi og eru númer þeirra ES15 (Harrastaðasnáma), ES12 (Skeggjastaðir) og ES10 (Bruni 1).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér kynningarskýrsluna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er utan verndarsvæða en það liggur á einum stað nærri votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013), ekki er þó talið að það raskist við framkvæmdirnar. Skammt norðan og austan við framkvæmdsvæðið er mikilvægt fuglasvæði, Skagi, sem er mikilvægt varpland himbrima, álftar og æðarfugls auk þess sem það er mikilvægt fyrir helsingja á fartíma og straumönd á veturna. Ekki er talin hætta á að framkvæmdirnar hafi áhrif á fuglasvæðið.

Þrjár námur verða nýttar við framkvæmdirnar og eru þær allar í Aðalskipulagi Skgafjarðar. Þetta eru tvær malarnámur, Neðri-Harrastaðir, þar sem áætlað er að taka 20.000 m³, Skeggjastaðir, þar sem áætlað er að taka 49.500 m³ og ein grjótnáma Kurfur (Bruni 1) þar sem áætlað er að taka 11.500 m³. Þá er gert ráð fyrir 16.000 m³ úr skeringum. Efnistaka og frágangur náma mun fara fram í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er nægjanlega vel gerð grein fyrir framkvæmdunum og er ekki þörf á að hún fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur